


## Miðlæg skráning á heilsugæslu í Sögu 3.1.38.13 – 3.1.39.3, 3.1.39.5 og 3.1.42.1

Sjúkratryggingar Íslands vinna nú að því að halda utan um skráningu einstaklinga á heilsugæslustöðvar miðlægt. Þegar einstaklingur er skráður á nýja heilsugæslu sem tilheyrir annarri stofnun en sú sem einstaklingurinn var áður skráður á, þá er sent skeyti á stofnunina þar sem sjúklingurinn var áður skráður á til að láta vita af flutningnum. Þetta gerist allt sjálfkrafa og rafrænt milli stofnanna.

Í Persónuupplýsingum í Sögu er hægt að sjá heilsugæslusögu með því að smella á hnappinn „Heilsugæslusaga“.



Komið er **stilligildi 1191** (útgáfa 3.1.39.5) sem segir til um hvort hreinsa eigi heimilislækni sjúklings þegar Sí breytir skráningu einstaklingsins þannig að hann sé skráður á heilsugæslu á annarri stofnun eða einstaklingur er afskráður hjá Sí.

### Þetta eru þrjú tilfelli:

1. Sögu notandi skiptir um heilsugæslu innan stofnunar. Þá á ekki að hreinsa heimilislækni.
2. Sjúklingur er settur á heilsugæslu utan stofnunar (ekki í grunninum). Þá á að hreinsa heimilislækni.
3. Heilsugæslustöð er breytt utan Sögu, t.d. í réttindagátt, en er innan sömu stofnunar að þá á að hreinsa heimilislækni.

Í útgáfu 3.1.39.5 var bætt við **stilligildi 172** sem stjórnar því hvort skylda sé að skrá heilsugæslustöð í Persónuupplýsingum. Á Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins er þetta stilligildi sjálfkrafa virkt en á öðrum stofnunum þurfa kerfisstjórar að ákveða hvort þeir vilji hafa þetta virkt eða ekki.

Í útgáfu 3.1.39.3 af Sögu hefur svo bæst við sú virkni að ef einstaklingur er skráður á heilsugæslu og hann er ekki skráður í gagnagrunn Sögu, þá er hann stofnaður út frá Þjóðskrá og skráður á stöðina hjá viðkomandi stofnun.

Með kveðju

TMS - Heilbrigðislausnir